

Nd.

386. Breytingartillaga

[155. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. hljóði svo:

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa staflíðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 800 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar samkv. 1. málsg. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt samkv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.